

4. stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga 29. júní 2012 – Fljótsdalshérað kl.14:00

Mættir voru: Tryggvi Harðarson, Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Gunnar Þorgeirsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson frá sambandinu.

Fyrir fund var skoðunarferð um Fjarðarárvirkjun, Fjarðarselsvirkjun, Seyðisfjörð og Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu þriggja stjórnarfunda lagðar fram.
2. Kynning frá Jóni Jónssyni hrl. á stöðu innheimtu fasteignagjalda af vatnsréttindum.
3. Fjármál SO.
4. Ráðstefna í haust.
5. Aðalfundur SO.
6. Næsti stjórnarfundur.

1. Fundargerðir síðustu þriggja stjórnarfunda lagðar fram.

Fundargerðir síðustu þriggja stjórnarfunda lagðar fram til undirritunar og staðfestingar.

2. Kynning frá Jóni Jónssyni hrl. á stöðu innheimtu fasteignagjalda á vatnsréttindum.

Jón Jónsson hrl., fór yfir stöðu á innheimtu fasteignagjalda á vatnsréttindi en hann hefur séð um slík mál fyrir Fljótsdalshérað. Stjórnarmenn fengu afrit af glærusýningu er hann var með og hægt er að nálgast afrit af þeim hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

3. Fjármál SO.

Öll aðildarfélög hafa greitt árgjaldið og rekstur sambandsins hefur gengið vel.

4. Ráðstefna í haust.

Stefnt er að því að halda ráðstefnu í haust í samvinnu við iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun. Tryggvi Harðarson er að skipuleggja þá ráðstefnu. Hugsanleg dagsetning er 19. október 2012. Stefnt er að því að fá tvö Norðurlönd til að taka þátt í ráðstefnunni. Noregur hefur tekið vel í erindi og verið er að skoða með þátttöku Svíþjóðar. Takist það verður hægt að sækja um styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Kostnaður við ráðstefnuna er áætlaður um 3.000.000 kr. og innifalið í því ætti að vera allur undirbúningskostnaður, ferðakostnaður erlendra aðila sem og kostnaður við ráðstefnuna sjálfa, svo sem húsnæði, veitingar og fundargögn.

Tryggvi kynnti einnig drög að skýrslu sem verður til kynningar á málþingi í Hörpu, 22. júní um stefnumörkun í auðlindamálum.

5. Aðalfundur SO.

Stefnt er að því að halda aðalfund SO í tengslum við ráðstefnuna.

Tryggva, formanni og varaformanni er falið að koma með tillögu að tímasetningu fyrir ráðstefnu og aðalfund fyrir miðjan júlí og upplýsa aðra stjórnarmenn um dagsetninguna.

6. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 7. september í Ásahreppi.

Fundi slitið um 16:10

Eftir fundinn var skoðunarferð hjá Landsvirkjun í Fljótsdalsstöð.